| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 8. apríl 2021 / 2. útg. |
| **Námsgrein** | Ferðamálafræði |
| **Titill** | Ferðamálafræði II |
| **Skammstöfun** | FERÐ3CA05 |
| **Viðfangsefni** | Ferðalandafræði útlanda |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Í áfanganum eru helstu áfangastaðir í ferðaþjónustu um allan heim kynntir. Þá er sérstaklega fjallað um hinn íslenska ferðamann og hverju hann sækist eftir á ferðalögum erlendis. Farið er yfir það sem gerir áfangastaði áhugaverða í augum ferðamanna og skoðað hvað gerir hvern stað að aðdráttarafli í ferðaþjónustu. Lögð er áhersla á leikni í notkun bókunarsíða, rafrænna korta á ferðalögum auk þess að nemendur hljóta aukna þekkingu á helstu upplýsingamiðlum um áfangastaði fyrir ferðamenn um heim allan. |
| **Forkröfur áfanga** | |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• Ferli skipulagningar og undirbúnings ferða út í heim.<br>• Fjölbreytileika ferðamanna og ólíkra þarfa þeirra í ferðaskipulagningu með tilliti til markhóps.<br>• Neti samgangna um heiminn og möguleika til ferðalaga<br>• Fjölbreytileika áfangastaða og afþreyingar fyrir ferðamenn um heim allan. |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• Skipuleggja fjölbreytt og viðeigandi ferðalög um heiminn fyrir ólíka ferðamenn.<br>• Nýta bókunarsíður, bæklinga, heimasíður og aðra miðla til upplýsingaöflunar um áfangastaði og framboð af þjónustu fyrir ferðamenn.<br>• Setja fram ferðatilboð með fagmannlegum hætti. |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• Afla sér upplýsinga um helstu ferðamannastaði í heiminum.<br>• Nota rafræn kort til að rata og finna áfangastaði á ferðalögum.<br>• Nota ferðasíður og áreiðanlegar heimildir á netinu til að afla upplýsinga um einstaka áfangastaði/lönd.<br>• Skipuleggja ferðir fyrir ákveðna hópa eða einstaklinga þar sem tekið er tillit til framboðs afþreyingar, þjónustu, vegalengda og ferðamöguleika. |
| **Námsmat** | Samanstendur af fjölbreyttum verkefnum yfir önnina, einstaklings- og hópverkefnum. |